

FORSETABRÉF**um þinglausnir.**

Alþingi, 96. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

30. maí 1975.

Nr. 63.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 23. maí 1975 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Niður fellur 2. mgr. 32. gr. A, svohljóðandi: Skrásettur stúdent fær í hendur háskólaborgarabréf, sem rektor undirritar.

43. gr. breytist á eftirfarandi hátt:

2. gr.

Upphaf 2. mgr. orðist svo: Próf í læknadeild eru haldin að vori og hausti, sbr. þó 42. gr. og ákvæði um próf á fyrsta ári í næstu málsgrein. Haustpróf eru eingöngu ... o. s. frv.

Milli 2. og 3. mgr. komi ný mgr., svohljóðandi: Janúarpróf fyrsta árs eru ekki endurtekin á öðrum árstímum. Þeir einir sitja áfram á vormisseri fyrsta árs, sem lokið hafa öllum janúarprófum þess árs með lágmarkseinkuninni 5 í hverri grein.

Næstsiðasta málsgrein 43. gr. orðist svo: Nái stúdent ekki tilskilinni einkunn í einhverju prófi, má hann þreyta það próf aftur næst þegar það er haldið, enda séu ákvæði um heildarnámstíma því ekki til fyrirstöðu.

3. gr.

46. gr. orðist svo:

a. Hlutverk deildarinnar.

1. Kennsla í tannlæknisfræði og skyldum greinum.
2. Rannsóknir í tannlæknisfræði og skyldum greinum.
3. Kennsla tannlæknakandidata, eftir því sem tilefni og ástæður gefast til.
4. Ráðgjöf um heilbrigðismál á sviði tannlækninga fyrir stjórnvöld.